



VINNUMÁLA  
STOFNUN

AFRIT

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Bt. Karls Björnssonar framkv.stj.  
Borgartúni 30  
128 Reykjavík;

Reykjavík, 13.11.2014

Efni: Viðtalsaðstaða fyrir ráðgjafa Vinnumálastofnunar.


Allt frá því að Vinnumálastofnun var sett á fót hefur hún átt í góðu samstarfi við sveitarfélögin í landinu um þjónustu sína. Undanfarin misseri hefur samstarfið aukist til muna eftir að þörf íbúa sveitarfélaganna fyrir fjárhagsaðstoð þeirra hefur aukist stórlega eins og raun ber vitni. Þjónustu Vinnumálastofnunar til atvinnuleitar geta allir nýtt sér og breytir þá engu hvar einstaklingarnir sem um ræðir njóta fjárhagsaðstoðar, hvort heldur er hjá stuðningsstofnunum ríkisins eða sveitarfélaganna eða eru jafnvel enn í starfi en hafa áhuga á að skipta um starfsvettvang.

Vinnumálastofnun hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga formgert betur samstarf sitt undir heitinu STÍGUR og er verkefnið að skila góðum árangri við að styðja fólk til atvinnuleitar og minnka útgjöld til fjárhagsaðstoðar.

Samhliða þessu hefur Vinnumálastofnun verið að mæta niðurskurðarkröfu og þurft enn frekar en áður að forgangsraða og endurskipuleggja verkferla til að minnka kostnað. Vinnumálastofnun hefur allt frá byrjun átt í samstarfi við allmörg sveitarfélög og nokkur stéttarfélög á þeim stöðum þar sem hún er ekki með eigin þjónustuskrifstofu starfandi um lágmarksþjónustu, útteilingu gagna og miðlun upplýsinga. Fyrir þetta hefur sveitarfélögunum (og stéttarfélögunum) verið greidd nokkur fjárhæð (samtals um 12 mkr) samkvæmt samningi sem við þau hafa verið gerðir. Samningar þessir renna út nú í lok ársins og þörfin fyrir þjónustuna sem samningarnir hafa kveðið á um hefur minnkað vegna þróunar í rafrænni þjónustu. Þannig t.d. gildir nú frá 1. desember rafræn undirskrift á umsóknum um atvinnuleysisbætur sem í raun þýðir að umsóknarferlið allt verður rafrænt. Eftir sem áður þurfa ráðgjafar Vinnumálastofnunar að vera í sambandi við atvinnuleitendur og hitta þá til viðtals endrum og sinnum. Til þessa þarf að vera fyrir hendi þökkaleg aðstaða þar sem trúnaðarsamtal getur farið fram. Ekki er verið að fara fram á fasta aðstöðu fyrir ráðgjafa heldur aðgengi að fundarsal eða sambærilegu rými.

Með þessu bréfi er óskað eftir stuðningi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við að beina því til sinna aðildarfélaga að Vinnumálastofnun verði látin slík aðstaða í té hjá sveitarfélögunum án endurgjalds. Með því væri framlag sveitarfélaganna til hins góða samstarfs undirstrikað og Vinnumálastofnun gert betur kleift að ráða við verkefni sín. Stofnunin telur einnig mikilvægt að aðstaða sveitarfélaganna sé sá fundarstaður sem einstaklingarnir mæta til, þegar þeir hitta fyrir ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Í framhaldi af þessu myndu forstöðumenn þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar um landið eiga samræðu við forráðamenn þeirra sveitarfélaga sem þessi beiðni nær til um fyrirkomulag, tímasetningar og þess háttar.

  
Með góðri samstarfskveðju  
Gissur Pétursson forstjóri

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1411032 SA
Móttekið dags.	17. Nóv. 2014
Bréfalykils nr.	305